

Fréttabréf

30. september 2016
2. tbl. skólaárið 2016 - 2017

Ágætu foreldrar og forráðamenn

Mikil veðursæld er búin að vera í haust. Kennarar hafa verið duglegir að nýta sér hana og farið með nemendur í margvíslega útivist, oftast í tengslum við stefnu okkar í átthagafræðum, m.a. fóru nemendur okkar í sjöunda bekk í velheppnaða ferð að Reykjum í byrjun september. Í stuttu máli má segja þeim það til hróss að þeir voru sjálfum sér og skólanum til sóma.

Vetrarfrí

Nemendur eru í fríi frá 20.10. til 25.10., skóli hefst á ný samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 26.10.

Þegar skóladagið var samið lá dagskrá í starfsmannaferð til Brighton ekki fyrir en eftir að hún var ljós þá liggur fyrir að við þurfum að færa til daga, vetrarfrí verða dagana 20.10. og 25.10 en skipulagsdagar verða 21.10 og 24.10. Þessi breyting hefur ekki áhrif á nemendur.

Menntabúðir

Fimmtudaginn 29. september voru menntabúðir á starfstöðinni á Hellissandi þar sem starfsfólk skólans kynnti tölvubúnað og hugbúnað fyrir öðrum kennurum. Yfirskrift búðanna var *Það er leikur að læra*. Þær voru vel sóttar, um 80 kennarar komu úr flestum skólum á Vesturlandi og nokkrir komu af höfuðborgarsvæðinu. Almenn ánægja var með skipulag og framkvæmd búðanna og þeim sem komu að framkvæmd þeirra færðar þakkir fyrir vel unnin störf og þá sérstaklega Hugrónu Elíasdóttur, verkefnastjóra í upplýsingatækni við skólann. Nánari upplýsingar um búðirnar eru á síðunni: <https://tackk.com/menntabudirvesturlands>

Læsi - sumarlestur

Við munum halda áfram á þeirri braut sem mörkuð var á síðasta skólaári, að leggja áherslu á læsi í skólanum. Margt hefur verið gert til að auka lestrarhæfni nemenda, t.d. var lestrarátak hjá eldri nemendum, aukið vægi læsis í öllu skólastafi, opnunartími bókasafnsins í Ólafsvík var lengdur, bókakostur aukin og þessa dagana er verið að lestrarprófa alla nemendur. Í sumar voru skólinn og Bókasafn Snæfellsbæjar í samstarfi með sumarlestur. Átakið tókst ágætlega, þó við hefðum viljað sjá fleiri taka þátt. Tveir nemendur fengu viðurkenningar fyrir að taka þátt og skila staðfestingu á þátttöku, það voru þeir Friðgeir Kári Aðalsteinsson og Gabríel Berg Rúnarsson. Óskum við þeim til hamingju með viðurkenningarnar og þökkum bókasafninu fyrir samstarfið.



Foreldrasamstarf

Öllum skólum er mikilvægt að það séu góð samskipti og samstarf í skólasamfélaginu. Uppbyggileg og jákvæð samskipti í skólasamfélaginu hafa jákvæð áhrif á allt skólastarf. Foreldrasamstarf gegnir þar mjög miklu hlutverki. Umsjónarkennarar gegna veigamiklu hlutverki við að upplýsa foreldra um stöðu og líðan nemendanna og í samskiptum á milli heimila og skólans. Bekkjarráðin norðan heiðar halda utan um valda viðburði hvers bekkjar og í skólanum. Við skólann eru starfandi tvö öflug foreldrafélög, sunnan og norðan Fróðárheiðar. Það er skólanum mikilvægt að svo verði áfram. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólalaldið. Foreldrar eiga þrjá fulltrúa í skólaráði, einn af hverri starfstöð.

Mér finnst bekkjarráðin og foreldrafélögin hafi staðið sig vel í sínum hlutverkum. Skipt var um fulltrúa í bekkjarráðunum á kynningarfundum í september, á aðalfundi foreldrafélagsins norðan heiðar, sem verður 12. okt., verður skipt um í stjórn að hluta og um foreldrafulltrúa í skólaráðinu. Ég vil þakka þeim foreldrum sem skipuðu þessi ráð og stjórnir fyrir ánægjuleg samskipti og vel unnin störf.

Það vantar tvo fulltrúa foreldra í skólaráðið norðan heiðar og tvo í stjórn foreldrafélagsins norðan heiðar. Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við skólastjóra.

Mötuneyti

Í mötuneyti GSnb er lögð áhersla á að bjóða upp á hollan mat fyrir nemendur og tekið er mið af manneldismarkmiðum, áhersla er á trefjaríka fæðu og notast við grófari kornvöru, t.d. heilhvítipasta og hýðishrísgrjón sem er oft blandað saman við bygg. Við matargerðina er lögð áhersla á að nemendur neyti hollrar og næringarríkrar fæðu sem uppfyllir kröfur Lýðheilsustofnunar og stuðst er við Handbók fyrir skólamötuneyti (sjá http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item11435/Handbok_2010_net_Lowres.pdf).

Heit máltíð er í boði a.m.k. fjóra daga vikunnar og stundum ein köld máltíð með brauðmeti. Með öllum mat er boðið upp á fjölbreyttan salatbar með fersku, hráu eða soðnu grænmeti og mjólk. Ef nemendur hafa ekki lyst á þeim mat sem í boði er geta þeir alltaf fengið sér salat. Vatn er í boði með öllum máltíðum. Í nestistímum stendur nemendum til boða að fá sér ávexti, vatn og mjólk sér að kostnaðarlausu.

Matseðill er gefinn út í lok mánaðar og birtur á heimasíðu skólans.

Nemendur í 1. – 4. bekk eiga kost á að kaupa morgunhressingu, cheerios eða hafragraut. Nemendur eru í fastri áskrift máltíða.

Myndbirtingar

Til að kynna starfsemi og stefnu skólans eru nýttir ýmsir miðlar, s.s. heimasíða, fésbókasíða, Starfsáælan, Skólanámskrá og fréttabréf skólans. Fréttir af skólastarfinu geta einnig birst í héraðs- og landsmiðlum. Við slíkt kynningarstarf birtast gjarnan myndir úr skólastarfinu (myndbönd og/eða ljósmyndir). Í slíkum tilfellum er fylgt almennum viðmiðunum um



birtingu myndefnis sem SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) og samtökin Heimili og skóli hafa í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti tekið saman (sjá <http://www.heimiliogskoli.is/fraedsla/birting-upplýsinga-og-myndefnis-af-bornum/>).

Við myndbirtingar af þessum toga birtast ekki myndir af tilteknum og/eða nafngreindum einstaklingum, heldur myndir af viðburðum þar sem margir eru saman.

Nauðsynlegt er að foreldrar gefi leyfi eða hafni því að birtar séu myndir af börnum þeirra í ofangreindum miðlum. Rétt er að ítreka að þó að foreldrar gefi leyfi fyrir myndbirtingu þá geta þeir alltaf farið fram á að myndir séu fjarlægðar. Á heimasíðu skólans er hægt að nálgast eyðublað þar sem hægt að synja því að myndir séu birtar af nemendum.

Viðburðir, með fyrirvara um breytingar

Nú í október eru fyrirsjánalegir nokkrir viðbuðri hjá okkur, þeir helstu eru:

- 4. okt. kynning frá Sjálfsbjörgu fyrri nemendur í 10. bekk
- 5. okt. fundur í öryggisnefnd kl 15:00
- 5. okt. Heimili og skóli, kynna læsissáttmála kl 17:00
- 6. okt. Pals, námskeið fyrir kennara
- 11.-13. okt. þemadagar
- 12. okt. Forvarnardagurinn
- 12. okt. aðalfundur foreldrafélags norðan heiðar kl 18:00
- 13. okt. Þjóðleikshúsið með sýningu fyrir nemendur í leikskólanum og 1. bekk
- 14. okt. Bleiki dagurinn
- 15. okt. fjölmeningarhátíð kl 14:00 - 17:00
- 18. okt. Þorgrímur Þráinsson - allan daginn
- 20.-25. okt. Brighton, þeir sem eru heima mæta til vinnu
- 26. okt. Skóli hefst á ný samkvæmt stundaskrá
- 31. okt.-2.nóv. fermingarferðalag að Laugum

Að lokum vil ég leggja áherslu á að í skólanum okkar er unnið gott starf. Alltaf má gera betur og mikilvægt er að þeir sem mynda skólasamfélagið ræði á uppbyggilegan hátt um skólastarfið, bendi á hvað má betur fara og hafi hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Hilmar Már Arason, skólastjóri